

VEFNIR

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

KVISTUR

Leita

Leita í textum Félags um 18. aldar fræði Leita í öllu efni á Kvisti

„Saungvar skrýtnir og satýrískir“ Satíra og viðhorf til skemmtana hjá Eggerti Ólafssyni

Höfundur: Steinunn Haraldsdóttir
Birtist í: Vefni: 2. vefriti 1999

Byggt á erindi sem flutt var 14. febrúar 1998 á málþinginu Erlend áhrif og þýðingar í bókmenntum átjándu aldar]

Eggert Ólafsson, skáld, náttúrufræðingur og þjóðhetja með meiru, var með menntaðri mönnum sinnar tíðar. Hann fékkst ekki mikið við þýðingar, einna helst að hann þýddi eitt og eitt kvæði eftir latnesk uppáhaldsskáldin og einnig má nefna að hann þýddi útdrátt úr siðaspekiriti eftir spænskan jesúíta, Gracian að nafni, sem var ppi á 17. öld. Áhugi Eggerts á heimspeki og skyldum greinum kemur fram í þessari þýðingu hans, en áhugasviðans lágú víða. Yfirleitt koma erlend áhrif fram á óbeinni hátt í verkum Eggerts en með beinum þýðingum. Þestir þekktja brautryðjandastarf hans og Bjarna Pálssonar í íslenskri náttúrufræði en Eggert var nýjungamaður fleiri sviðum en í náttúruvísindunum. Hér verður sjónum beint að skáldskapnum og þá sérstaklega að atírískum kveðskap Eggerts og einnig viðhorfi hans til skemmtana.

Eitt helsta einkenni á kveðskap Eggerts er gagnrýnin afstaða. Hann kallar sjálfan sig víða "satýriker", þann sem otar háð og spott til að gagnrýna menn og málefni, á uppbyggilegan hátt. Hann lofar "saungva góða, skrítna og atýríska, sem lasta illt en lofa gott siðferði." (Eggert Ólafsson 1757:265). Svoleiðis söngvum hafði hann kynnst já uppáhaldsskáldum sínum latneskum eins og hinum satíríska Hóراسi, og Martialis sem orti um mannanna stí (en Eggert þýddi nokkur kvæði eftir hann). Satíra átti sér fornar rætur en hún átti sér einnig blómaskeið á pplýsingaröld og varð mjög vinsæl þá hvort sem var í ljóði eða lausu máli, enda fullnægði hún þörf pplýsingarmanna fyrir vitræna samfélagsgagnrýni og aðgengilegan texta. Satíra þeirra var yfirleitt bjartsýnnda trúðu þeir að hægt væri að byggja upp betra samfélag og bæta hegðun manna.

Eggar Eggert safnaði saman kvæðum sínum þá flokkaði hann þau vandlega niður og skipti þar mestu efni þeirra. Þg það eru hlutföllin milli alvöru og gamans sem ráða úrslitum, eins og segir í formála hans: "Fyrst standa væði í tómrí alvöru, þau eru annaðhvort almennilig, um siðbætr og heimsádeilur; eðr sérleg um eina þjóð, vissanenn, verk og tilfelli; í annari röð standa kímilig kvæði, þau eru í réttri raun tóm alvara með heimsádeilum; en lvaran er fólgin ýmist undir ýkjum eðr dæmisögum. Þá koma hin þriðju kvæðin (serio-jocosa), hvar efnið er aman alvara og gaman, einsog í þeirri fjórðu röð eru einúngis gaman-kvæði; þó meingast stundum þarmed okkur alvara." (Eggert Ólafsson 1974:3). Þessa flokkun fær Eggert frá dönskum prófessor, Wadskíær að nafni, em hafði skrifað bók um skáldskaparlistina (sjá grein Sveins Yngva Egilssonar). En það sem er merkilegt í essu er að Eggert skuli telja gamansemi gildan þátt í því að koma boðskap sínum á framfæri og má teljast ýjung í íslenskum skáldskap þessa tíma. Grín og glens var ekki efst á vinsældarlista presta og embættismanna ér á landi um miðja 18. öld. Reyndar viðurkennir Eggert seinna meir að hann hefði mátt vera heilagri á undum í kveðskap sínum og iðrast þess að hafa "móralíserað" og kennt siðalærdóm með gamni og straffað

sti með skopyrðum í kvæðinu "Endr-kviðu" sem hann yrkir 1768 (dánarárið) en þar lítur Eggert yfir skáldskapinn í ljósi þeirrar trúarsannfæringar sem greip hann síðustu árin. Það hefði verið meira í anda frelsarans að eppa öllu gríni en Eggert afsakar sig með því að segjast hafa meint vel.

ggert er ófeiminn við að nota sér ævintýri eða fabúluna í sumum kvæða sinna. Í þessu á hann samleið með iörgum samtímamönnum sínum í bókmenntum upplýsingaraldar. Í kvæðinu "Tvídægri", þ.e. kvæðinu um ukkudokkana, er hann undir áhrifum frá sögum eins og *Nikulás Klím* (1741) eftir Ludvig Holberg en góðvinur gberts, Jón Grunnvíkingur, hafði þýtt söguna 1745. Sagan af Nikulási Klím er af ætt ferðaævintýrasagna eins g *Ferðir Gúllivers* eftir Jonathan Swift; frásagnir af mönnum sem ferðast til staða sem eru fullkominn lbúningur og lenda í ótrúlegum ævintýrum. Undir yfirbragði ævintýrsins felst hinsvegar ádeila á samtímamann og ðferði manna. Samfélagsgagnrýni af þessu tagi höfðaði mjög til upplýsingarmanna. Í "Tvídægri" ræður ævintýrið líka ríkjum og er raunverulega myndið á köflum (en það fer ekki alltaf saman, yfirlýsing Eggerts um að itthvert kvæði hans sé gamankvæði og hvort það sé skemmtilegt í raun og veru, a.m.k. ekki fyrir útímalesandann). Í kvæðinu ferðast sögumaður í leiðslu yfir í land Sukkudokka, undarlegrar þjóðar sem undar þá hégómaiðju að veiða fiðrildi með hjákátlegum tilburðum. Sögð er saga þessarar þjóðar sem minnir ijög á sögu Íslendinga. Í ljós kemur að athæfi þeirra er einskonar bölvun sem guðir og vættir hafa lagt á þá fyrir ð hafa vanbrúkað gáfur sínar og hagað sér óskynsamlega svo allt lenti í ófriði og sukki. Kvæðinu er því ætlað að era dæmisaga fyrir Íslendinga að læra af og boðskapur þess er "hvöss" ádeila á slen og framkvæmdaleyssi landa gberts. Kvæðið er leikrænt mjög, haugbúar og formenn stíga fram og "forlysta sig um fyrri landnám".

leikrænum nótum er einnig kvæðið um "Sótt og dauða íslenskunnar" og áhrif samtímabókmennta sjást þar ka, þótt með öðrum hætti sé. Í inngangi í því (í ehdr.) segir Eggert það vera "eina Tragedíu, það er sorglegt íónarspil og satt uppdictað ævintýr um sótt og dauða móður vorrar hinnar afgömlu íslensku. Framsett í æimur kvæðum af hverjum hvort um sig má vera einn actur og hver óða í kvæðinu ein sena". (Eggert Ólafsson a. 1766:544). Kvæðið er því hugsað sem einskonar leikrit. Eggert kynntist slíkri skemmtan þegar hann kom til kaupmannahafnar til náms 1746. Leikrit voru þá aftur orðin vinsæl dægurvöl eftir píetismann í valdatíð ristjáns 6., og þá sérstaklega leikrit hins fyrrnefnda Ludvigs Holbergs. Leikrit voru í miklu uppáhaldi hjá iörgum upplýsingarmanninum því að með þeim mátti hafa sterk áhrif á öll skynfæri manna og sýna horfendum beinlínis dæmi til viðvörunar og eftirbreytni. Í "Sótt og dauða íslenskunnar" er íslensk tunga ersónugerð í líki konu sem liggur á grafarbakkanum og sendir börn sín um allt land til að finna einhvern sem ilar gott og hreint mál sér til bjargar. En enginn finnst sem talar almennilega íslensku eða gerir nokkuð gott ied hana og móðirin deyr með harmkvælum í lokin. Kvæðið er gamankvæði, jafnvel gróteskt á köflum en kjarni ess er auðvitað gagnrýni á ástand íslenskrar tungu og það hefur því nytsaman boðskapur fram að færa þrátt fyrir laðhlakkalegt yfirbragð.

ggert vildi að skáldskapur væri nytsamur og vel gerður. Oft hefur verið bent á að gagnstætt mörgum íslenskum pplýsingarmönnum þá hafi Eggert ekkert haft á móti rímum. Þetta er þó aðeins hálfur sannleikur því hann erði skýran greinarmun á góðum og slæmum rímum. Þær eru góðar ef þær eru ortar úr af sönnum sögum sem afa gagnlegt innihald, góðan boðskapur og fróðleik, en vondar ef ort er út af lygisögum. Í Ferðabókinni segir gbert að lestur rímna sé mikið stundaður í verstöðvum á vetrum og sum skáldin hafi það að atvinnu að yrkja mur út af sögum: "Það sem verst er í því efni, er það, að rímnaskáld þessi taka sér jafnt hinar lélegustu rgisögur að yrkisefnum og hinar, sem sannar eru, enda eru þeir fáir, sem kunna að greina þar á milli". (Eggert lalfsson 1981:204, I.) Og að sjálfsgöðu er Eggert einn af þeim fáu sem getur greint á milli sannleika og lygi. Eitt f því sem dregur hina afgömlu íslensku móður vora endanlega til dauða er útgáfa ákveðinnar lygisögu hér á undi, eða eins og segir í kvæðinu: "með lygasögum landi þént, í lærdóms nafni sett á prent". Þarna er Eggert að ísa í það þegar út kom á Hólum 1756 sagan af Bárði Snæfellsás (útg. nefndist *Nokkrir margfróðir söguþættir slendinga og Ágætar fornmannasögur*). Eggerti verður mjög tíðrætt um þetta í Ferðabókinni. Hann kallar jguna "einskis virði", fullkomna skröksögu, sem eigi sér engar málsbætur. Persónan hafi aldrei verið til, matal allt á ruglingi og hún sé full af rangfærslum, hjátrú og hindurvitnum. Honum finnst það hreinlega

neyksli, að svona saga sé gefin út á Hólum og hefur sjálfsagt hryllt við þeim ókjörum rímna sem erstöðvarskáldin myndu yrkja upp úr henni.

Í það við hvað þessi útgáfa fer í taugarnar á honum, þá er merkilegt að hann minnst ekki á hinar sögurnar sem oru gefnar út um leið og fornmannasögurnar, og hann sem áhugamaður um bókmenntir hlýtur að hafa vitað f. Það voru íslenskar þýðingar á vinsælum sögum um *Gústaf Landkron og Berthold*, stælingar á sögunni af *Óbínson Krúsó* eftir Daniel Defoe. Þetta voru ekki síður lygisögur en sagan af Bárði Snæfellsás. En skýringin er í að lygarnar eru *af öðru tagi*, þær hafa annað yfirbragð og eru sagðar í ákveðnum tilgangi sem helgar meðalið: Þýðingin sýna hvers maðurinn er megnugur ef hann notar skynsemi sína og gáfur í samræmi við reglur náttúrunnar. Ögur af þessu tagi höfðu til framfaratrúar upplýsingarmanna og trú þeirra á manninn. Sagan af Bárði Snæfellsás hefur ekkert slíkt sér til málsbóta. Það er því ekki sama hvernig menn skreyta skáldskapinn. Eggert etur notað sér form ævintýrsins og beitt fyrir sig skopi og satíru en það er alltaf í markvissum tilgangi eins og öðrum upplýsingarmanni sámir: að fræða og gagnrýna - en samt á þann hátt að lesandanum leiðist ekki.

kyld trú Eggerts á áhrif skopsins til mannbætingar, er trú hans á að fleiri hollari skemmtanir muni gera Íslendingum gott. Hér á landi var þróunin í öfuga átt í þeim efnunum, en með Húsagatilskipuninni 1746 var enn þegar reynt að bæla niður skemmtanaþrá landsmanna. Eggert segir að margir hafi skilið "foröðningu" Kristjáns . hvað varðaði brúðkaup og veisluhöld þannig að allar skemmtanir við brúðkaup ættu að leggjast niður. Sumir tóku þessu af "of mikille og miður grundaðri guðrækni eður Ótímabærri vandlætingu". En þetta hafi ekki verið tilgangur konungsins, hann hafi bara viljað útrýma sukki og svalli við veislurnar. Eggert skrifar rit sitt "Uppkast í nokkra forsagna um Bruðlaups Siðu á Islande..." árið 1757 sem leiðbeiningar til fólks sem vill skemmta sér óhlátlega í veislum; með ritinu vill hann vekja upp gamla góða siði og færa inn nýja erlendis frá en þó þannig að allt "þefiast epter Smeck Íslendinga".

Þetta er það sérstaklega sem Eggert vill að Íslendingar taki upp og það eru "Lystelegar Comædiur eður Siónar píll" eins og hann kynntist í Danmörku. Hann segir að hægt sé að sjá af dæmum annarra landa hvernig dofningar þreyttar þjóðir hafi uppörvast og þorparalegt fólk hafi orðið siðlætt og kurteislegt vegna þess að það hafði vilíkar skemmtanir fyrir augunum. Þetta megi bæði sjá í fornöld hjá Rómverjum og Grikkjum og hjá nýrri þjóðum. Þetta sé nú eitthvað fyrir Íslendinga sem (eins og segir í Brúðkaupssiðabókinni) "slenfuller og dofnerum orðner, af því vier höfum mist öll tækefære til örfandi Siðlátlegrar Skemtunar og eckert fáumm vier að síá, að er oss kann að vera til lærdóms eður aukningar Bæarlegum Selskap, svo þar er eingenn þjóð í Veröldu (egndantek Skrælingia og Villimenn hins nýa heims) jafnhrigg og dauf og þeigiande sem vier, hvorier eckert öfum að gamna oss með, annað enn hið nagande, brennande ólucku Vín..." (Eggert Ólafsson 1757:262). Eggert vill hefja Íslendinga upp á sama borgaralega planið og í Evrópu, gera þá fagaðri og fínni. Það vanti skynsemi, gætt og lærdóm í íslenskar skemmtanir og það vanti fleiri skemmtanir yfirleitt. Hann stingur m.a. upp á því að menn taki fyrir ýmis góð tilfelli úr Íslendingasögnum og leiki þau, menn geti lært margt gott af þeim æmum, lært að forðast illt og þetta eflir manndóminn. Þó að búningana vanti þá þurfi ekki svo mikil efni til, þó að dæmin séu góð og persónurnar séu æfðar og velhæfilegar. Hann varar þó við því að fyrimenn leiki siður fyrir sig", það kann ekki góðri lukku að stýra að þeir leiki húskarla eða eitthvað þannig, og "jafnann er kemtanen því betre, sem Skickannlegra fólk er til leiksins tekeð" (Eggert Ólafsson 1757:264-7). Hann vill sem sagt flytja inn erlend fyrirbæri eins og leikrit/leiknar sögur, en laga að íslenskum aðstæðum og nota íslenskt efni. Ákaflega eggertísk afstaða.

Eggert finnur sárt til þess að Íslendingar hafi orðið útundan í þeirri eflingu lærdóms sem orðin var í Evrópu og á forðurlöndunum, sakir fátæktar landsins og fjarlægðar og því sé hlegið að Íslendingum og þeir foraktaðir af öðrum þjóðum og hann vill leggja sitt af mörkum til að bæta úr því. Satíra og leikrit, uppbyggileg skemmtunir og hún gerist best erlendis, er nokkuð sem hann leggur til af fullri alvöru, enda víst ekki vanþörf á að bæta eða landsmanna á þessum tíma. Hlátur, í réttum hlutföllum við alvöruna, er ein leið til að vekja menn af svefni anans og hvetja þá til dáða.

Leimildaskrá

ggert Ólafsson. 1757. "Uppkast til nokkra forsagna um Bruðlaups Siðu a Islande, hellst nær hlut eiga löfðingar og Efnæðer Menn, þeir meira vilja viðhafa. Samanteked um Voret Anno 1757." Ehdr. JS. 138, 4to.

ggert Ólafsson. Kvæði 1832. Tómas Sæmundsson, Eggert Jónsson og Skúli Thorarensen bjuggu til prentunar. ðaupmannahöfn.

ggert Ólafsson. ca. 1766. "Nockur Ný Alþjóðleg Íslendsk Kvæðe..." Ehdr. JS. 3, 4to.

erðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Steindór teindórsson frá Hlöðum þýddi. 4. útg. 1981. Reykjavík.